

Erindisbréf umhverfisnefndar

Þingeyjarsveitar

I. Stjórnskipuleg staða og skipan

1. gr.

Umhverfisnefnd starfar í umboði sveitarstjórnar og fer með þau verkefni sem henni eru falin og nánar er kveðið á um í erindisbréfi þessu.

2. gr.

Í umhverfisnefnd eiga sæti fimm fulltrúar og fimm til vara sem sveitarstjórn kýs til fjögurra ára að afloknum sveitarstjórnarkosningum, skv. ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr.138/2011, laga um náttúruvernd nr. 60/2013 og samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins. Á sama fundi kýs sveitarstjórn formann nefndarinnar. Náttúruverndarráði skal tilkynnt um kjör í nefndina að loknum sveitarstjórnarkosningum.

Umhverfisnefnd kýs sér varaformann. Sveitarstjóra er heimilt að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Heimilt er að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann sem tengist málum sem eru til umfjöllunar hverju sinni.

II. Hlutverk nefndarinnar

3. gr.

Meginhlutverk nefndarinnar er að fjalla um umhverfishreinlætis-og náttúruverndarmál í sveitarfélaginu. Meðal verkefna nefndarinnar er:

- að fara með verkefni sem varða verksvið sveitarfélagsins samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og skv. samþykkt um umgengni og þrifnað utanhúss á starfsvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra nr. 463/2002 ásamt lögum um náttúruvernd nr. 60/2013 og reglugerð nr. 205/1973 um náttúruvernd, sem og öðrum gildandi lögum og reglugerðum sem varða störf nefndarinnar hverju sinni,
- gefa Náttúruverndarstofnun ábendingar og umsögn um friðlýsingu náttúru minja og stofnun útivistarsvæða og framkvæmd friðlýsingar og vera sveitarstjórn til ráðgjafar í umhverfismálum og gera tillögur til sveitarstjórnar um markmið á sviði umhverfismála,
 - að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um náttúruverndarmál. Skal nefndin stuðla að náttúruvernd á sínu svæði, m.a. með fræðslu og umfjöllun um framkvæmdir og starfsemi sem líklegt er að hafi áhrif á náttúruna og gera tillögur um úrbætur til sveitarstjórnar og viðkomandi stofnana,
 - að gera tillögu að loftlagsstefnu og umhverfisstefnu til sveitarstjórnar skv. lögum um loftlagsmál nr. 70/2012,
 - að fara með málefni úrgangsmála,
 - að stuðla að góðri umgengni í sveitarfélaginu og hafa samstarf við félagasamtök, atvinnulíf og einstaklinga í því sambandi,
 - að vera tengiliður við ytri aðila ,viðkomandi stofnanirog eftirlitsaðila,
 - að fá til umsagnar áætlanir um framkvæmdir sem stofnað getur í hættu umhverfis- og náttúruverndarþáttum og líklegt er að hafi áhrif á náttúruna,

- að að gera tillögu til sveitarstjórnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar komandi árs, um forgangsroðun fjárveitinga til skilgreindra viðfangsefna á þeim sviðum sem undir nefndina heyra,
- að fjalla um önnur þau mál sem sveitarstjórn felur henni.

Umhverfisnefnd hefur skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013, umsagnarhlutverk gagnvart eftirfarandi á starfssvæði sínu:

- tillögu að C-hluta náttúruinjasráðs,
- framkvæmda- og byggingarleyfum á svæðum á C-hluta náttúruinjasráðs,
- undanþágu frá ákvæðum friðlýsingar,
- afnámi eða breytingu friðlýsingar,
- framkvæmdum sem fela í sér röskun friðaðs vistkerfis, friðaðrar vistgerðar eða búsvæðis friðaðrar tegundar,
- undanþágu frá ákvæðum auglýsingar um friðun,
- röskun vistkerfa og jarðminja sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013,
- gerð skipulagsáætlana og frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum framkvæmda skv. 68. gr. laga nr. 60/2013.

Telji umhverfisnefnd að athafnir eða framkvæmdir brjóti í bága við ákvæði gildandi laga og reglugerða er varða umhverfismál og/eða náttúruvernd eða slíkar athafnir séu yfirvofandi, skal hún þegar í stað tilkynna það réttum yfirvöldum.

III. Starfshættir

4. gr.

Fjallað er um fundi og fundarskög í III. kafla samþykktar um stjórn og fundarskög sveitarfélagsins og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

5. gr.

Í störfum sínum skal nefndin hafa gott samráð og samstarf við aðrar fagnefndir sveitarfélagsins og samtök áhugafólks um náttúruvernd. Formaður nefndar ber ábyrgð á því að samvinna sé á milli nefnda þegar það á við.

Nefndin skal leitast við að ná því grundvallarmarkmiði að tryggja að ákvarðanir hennar og athafnir séu ávallt í þágu allra íbúa sveitarfélagsins og að fulltrúar í nefndinni setji ávallt almannahagsmuni ofar öðrum hagsmunum.

Nefndin skal árlega skila skýrslu til um starf nefndarinnar, sem fellur undir lög um náttúruvernd nr. 60/2013, til Náttúruverndaráðs sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 205/1973

6. gr.

Í störfum sínum skal umhverfisnefnd taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem gilda hverju sinni um starfssvið hennar. Þá skal nefndin fylgja gildandi sveitarstjórnarlögum og samþykkt um stjórn og fundarskög Þingeyjarsveitar í störfum sínum.

7. gr.

Nefndin kemur saman fyrir luktum dyrum á fastákveðnum fundartíma samkvæmt fundadagatali sem sveitarstjórn samþykkir. Formaður sér um að boða nefndina til fundar í samráði við starfsmann

nefndarinnar og sjá þeir sameiginlega um undirbúning funda hennar. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, dagskrá og tíma. Fundarboð skal sent fulltrúum í nefndinni og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Heimilt er að boða fund með rafrænum hætti. Aukafundi skal halda ef formaður telur þörf á eða ef a.m.k. þrír fulltrúar óska þess.

Heimilt er að notast við fjarfundabúnað á fundum nefndarinnar í samræmi við 14. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins og leiðbeininga ráðuneytis sveitarstjórnarmála og á það einnig við um áheyrnafulltrúa nefndarinnar.

Formaður umhverfisnefndar stýrir fundum nefndarinnar. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fund. Í atkvæðagreiðslum ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Umhverfisnefnd skal halda gerðarbók sem getur verið á rafrænu formi. Fundarboð og fundargerðir nefnda skal vinna og varðveita í viðurkenndu skjalavistunarkerfi t.d. One system og skal starfsmaður viðkomandi nefndar bera ábyrgð á eftirfylgni þess. Fundargerðum kemur starfsmaður nefndarinnar strax að fundi loknum til sveitarstjóra sem sér um að hún sé lögð fram á næsta sveitarstjórnarfund til kynningar. Ef notast er við rafræna undirskrift skulu allir nefndarmenn undirrita fundargerð með slíkum hætti svo einungis eitt afrit af fundargerðinni verði staðfest. Fylgja þarf skilyrðum laga um rafrænar undirskriftir, nr. 28/2001 við slíkar undirritanir.

Um ritun fundargerða fer að öðru leyti eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar og leiðbeiningum um ritun fundargerða sveitarstjórna, sbr. auglýsingu þess efnis nr. 1181/2021, sem sett hefur verið samkvæmt 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

IV. Réttindi og skyldur

8.gr.

Nefndarmönnum er skylt að sækja fundi nefndar nema lögmæt forföll hamli því.

Umhverfisnefnd er aðeins starfhæf á fundum og skulu nefndarmenn einungis hlutast til um málefni sem eru þar til umfjöllunar nema umboð hafi verið veitt fyrir öðru.

9. gr.

Nefndarmaður skal gæta þagnarskyldu um það sem hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt á að fara vegna einka- eða almannahagsmuna samkvæmt lögum eða eðli máls. Þagnarskylda helst áfram eftir að viðkomandi lætur af störfum. Ákvæði þetta gildir einnig um aðra fundarmenn á fundum nefndarinnar.

10. gr.

Ef þörf krefur skal nefndarmaður víkja af fundi og kalla til varamann sinn ef hann tengist einstaklingum eða málum, sem fjallað er um í nefndinni, þannig að spillt geti óhlutdrægni hans og valdið tortryggni. Fjallað er nánar um hæfi til þátttöku í meðferð og afgreiðslu einstakra mála í 17. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp sveitarfélagsins.

11. gr.

Um þóknun fyrir setu í umhverfisnefnd fer eftir reglum sem sveitarstjórn setur um starfskjör kjörinna fulltrúa í Þingeyjarsveit.

Um réttindi og skyldur aðal- og varamanna í nefndinni gilda að öðru leyti ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar.

IV. Starfsfólk sveitarfélagsins

12. gr.

Starfsmaður nefndarinnar ber ábyrgð á að samþykktum og ákvörðunum hennar sé hrint í framkvæmd.. Starfsmaður nefndarinnar og sveitarstjóri hafa málfrelsi og tillögurétt á fundum nefndarinnar. Heimilt er að kalla til á fundi nefndarinnar sérhvern þann sem tengist málum sem er til umfjöllunar hverju sinni.

Starfsmaður nefndarinnar annast undirbúning nefndarfunda í samráði við formann nefndarinnar. Formaður nefndarinnar, eða varaformaður í forföllum hans, ásamt starfsmanni nefndarinnar boða eða láta boða fundi í nefndinni með tveggja sólarhringa fyrirvara. Skal dagskrá fylgja fundarboði. Málsgögn skulu varðveitt með tryggilegum hætti þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

Formleg erindi, fyrirspurnir og mál er nefndinni berast skulu skráð í málaskrá sveitarfélagsins áður en þau eru tekin fyrir á fundum. Að fundi loknum skal á sama hátt, skrá afgreiðslu mála í málaskrá.

13. gr.

Formaður og aðrir fulltrúar umhverfisnefndar skulu snúa sér til starfsmanns nefndarinnar eða sveitarstjóra eftir því sem við á til að fylgja eftir staðfestum samþykktum nefndarinnar. Umhverfisnefnd hefur ekki boðvald yfir starfsfólki sveitarfélagsins.

V. Gildistaka

14. gr.

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og samþykkt um stjórn og fundarsköp Þingeyjarsveitar.

Erindisbréf þetta var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 27.03.2025